



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2024

**ENSK1HA05**

Hagnýt enska

<b>Kennarar:</b>	<b>Ingunn Helgadóttir (IH)</b> <a href="mailto:ingunn@fsu.is">ingunn@fsu.is</a>
	<b>Karl Sigtryggsson (KS)</b> <a href="mailto:karl.sigtryggsson@fsu.is">karl.sigtryggsson@fsu.is</a>

### Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta, æfist í markvissri hlustun og tileinki sér aðalatriði í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriði sem stefnt er að í áfanganum.

**Undanfari:** Einkunnin C eða C+ úr grunnskóla.

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls.

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og frá eigin brjósti.

## Námsefni:

Short stories - Smásögur aðgengilegar í Innu

The Wave – Morton Rhue (Todd Strasser) – Penguin 1981

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil: Sjá vinnuáætlun undir efni á Innu.**

## Sérreglur áfangans:

- Nemendur verða að ná að **meðaltali 4,5 úr prófum og stærri ritunarverkefnum** til að standast áfangann. Ætlast er til að nemendur fylgist með námsáætlun og tilkynningum á Innu. Einnig þurfa nemendur að skila námsmati úr hverjum námsmatsþætti.
- Athugið að þetta er símatsáfangi. Það er ekki neitt lokapróf og þess vegna er mikilvægt að öllum verkefnum í áfanganum sé skilað og á réttum tíma. **Dregið er niður fyrir sein skil.**
- Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er skilað.
- Nemendur sem verða uppvísir af því að skila verkefnum frá öðrum eða verkefnum tekin af netinu (t.d. copy-paste) fá 0 fyrir slík verkefni og fá ekki að skila aftur.
- Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á hverjum tíma. Ef svo er ekki kann nemandi að vera vísað úr tíma og hann fær fjarvist fyrir tímann.
- Nemendur skulu mæta stundvíslega, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu. Ekki fæst mæting í tíma þegar mætt er 15 mínútum eftir upphaf kennslustundar eða seinna.
- Kennara er heimilt að gefa nemandi **F** fyrir óþarfa fjarvist úr tíma.
- Notkun farsíma í tíma einskorðast við notkun hans sem kennslutæki og bara þegar við á.
- Þar sem stór hluti námsefnisins er á Innu þá er mælt til að nemendur mæti með tölvu í tímann. Hægt er að fá lánaða tölvu á bókasafninu.

**Námsmat:**

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Smásögur	Próf 80% Verkefni 20%	20%
Málfræði		15%
The Wave	Vinnubók 40% Ritgerð 60%	35%
Ástundun og vinnusemi	Mæting og virkni í tímum	5%
Munnleg próf	Ferðaskrifstofu verkefni 50% Kynna hlut 50%	25%

**Áætlun:**

Námsþáttur	Tímabil
Smásögur	8. janúar – 23. febrúar
Málfræði	22. janúar – 23. febrúar
The Wave	11. mars – 26. apríl
Munnleg próf	- Kynna hlut - 8. – 19. janúar - Ferðaskrifstofu verkefni - 26. febrúar – 8. mars

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Selfoss. 3. janúar 2024**

**Ingunn Helgadóttir og Karl Sigtryggsson**